

Niðurstöður hluthafafundar Íslandsbanka hf. 28. júlí 2023

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn föstudaginn 28. júlí 2023, kl. 11:00, í fundarsalnum Gullteig á Grand hótél Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum.

Eftirfarandi eru niðurstöður fundarins:

1. Umfjöllun um sátt Íslandsbanka við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og viðbrögð Íslandsbanka við henni.

Finnur Árnason, fráfarandi stjórnarformaður Íslandsbanka fór yfir viðbrögð stjórnar bankans í kjölfar útboðsins, niðurstöðu skýrslu innri endurskoðanda, fjármálaeftirlitsins og málsmeðferð.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka, fór yfir úrbótaáætlun sem er órjúfanlegur hluti sáttar bankans við fjármálaeftirlitið.

2. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Í samræmi við grein 4.4. í samþykktum Íslandsbanka fór kosning stjórnar fram sem margfeldiskosning. Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn Íslandsbanka:

- Agnar Tómas Möller
- Anna Þórðardóttir
- Haukur Örn Birgisson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Linda Jónsdóttir
- Frosti Ólafsson
- Stefán Pétursson

Linda Jónsdóttir var kjörin formaður stjórnar.

Varamenn í stjórn Íslandsbanka eru:

- Herdís Gunnarsdóttir
- Páll Grétar Steingrímsson

3. Önnur mál

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:48.